

92. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

07. 03. 2018 kl. 8:15 – 09:45

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Helga Árnadóttir, Þorvarður Árnason, Olga Ingólfssdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Vilhjálmur Magnússon og Hrafnkell Guðnason.

Fjarverandi: Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Katrín Jónsdóttir

1. Fjölmennung í Nýheimum

Umraeður sköpuðust um erindið og möguleika Nýheima til að koma að starfi í tengslum við fjölmenningu á Hornafirði. Helga benti á að einnig mætti skoða að nota Gömlubúð sem vettvang. Stjórn fagnar því að Nýheimar verði vettvangur fjölmenningar á Hornafirði og er tilbúin til samstarfs.

2. Málefni háskólanema

Hugrún Harpa gerði grein fyrir framvindu mála hvað varðar námsaðstöðu háskólanema í Nýheimum. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fá inn fjármagn til Nýheima þekkingarseturs til að sinna þessari skyldu gagnvart háskólanemum á Hornafirði. Forstöðumanni falið að vinna áfram að málinu í samvinnu við Sveitarfélagið Hornafjörð.

3. Ráðning verkefnastjóra

Hugrún Harpa gerði grein fyrir því að Sandra Björg Stefánsdóttir, ferðamálafræðingur með master í mannauðsstjórnun, hefur verið ráðin í starf verkefnastjóra hjá Nýheimum þekkingarsetri. Sandra byrjar í 80% starfshlutfalli þann 1. maí.

4. Markviss kynning á starfinu í Nýheimum

Þorvarður vakti máls á mikilvægi þess að stofnanir innan Nýheima kynni starfsemi sína með markvissum hætti. Fram kom sú hugmynd að bjóða Nýheima fram sem vettvang til starfskynningar. Lagt til að fela verkefnastjóra setursins að halda utan um markvissa kynningu á starfsemi Nýheima. Hver stofnun mun leggja til efni til miðlunar og kynningar á starfseminni.

5. Launamál Nýheima þekkingarseturs

Hugrún Harpa fór yfir samantekt forstöðumanns. Stjórn samþykkir tillögu forstöðumanns um fyrirkomulag launamála starfsmanna setursins. Breytingar taka gildi frá og með 1. maí næstkomandi.

6. Nýsköpun

Vilhjálmur vakti mál á því að Nýsköpunarmiðstöð væri að leggja niður starfsstöðina á Djúpavogi. Þar með verður ekki starfsmaður á Suður- og Austurlandi að Vestmannaeyjum undanskildum. Ragnhildur greindi frá því að starfsmönnum við Fab Lab smiðjur á landinu blæði fyrir það að verið sé að draga úr stuðningi Nýsköpunarmiðstöðvar við þessar smiðjur á landsbyggðinni, þar með talið í Vöruhúsinu. Greindi Ragnhildur einnig frá því að í vinnslu sé skýrsla um árangur nýsköpunarstarfs í Vöruhúsi, þar á meðal af starfi í Fab Lab smiðju. Stjórn harmar þá ákvörðun Nýsköpunarmiðstöðvar að leggja niður starfsstöð á Djúpavogi og leggur áherslu á mikilvægi starfsstöðva á Suður- og Austurlandi.

7. Önnur mál

Þorvarður sagði frá ráðstefnu sem haldin verður í Nýheimum miðvikudaginn 14. mars. Ráðstefnan ber yfirskriftina Ævintýraferðaþjónusta, nýsköpun og menntun. Þorvarður hvetur alla til að taka þátt í ráðstefnunni.

Hugrún Harpa gerði grein fyrir heimsókn Önnu Guðrúnar í Nýheima. Anna Guðrún vinnur að gerð umsóknar til Byggðarannsóknasjóðs fyrir verkefni sem mun fjalla um stöðu og hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun. Verkefnið er samstarfsverkefni Nýheima þekkingarseturs, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Höfn, Þekkingarnets Þingeyinga og Háskólaþjónustu Suðurlands. Anna Guðrún mun einnig vinna að þeim verkhluta er hlaut styrk frá Atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Fundi slitið klukkan 09:45

Ragnhildur Jónsd.

Hugrún Harpa Reynisdóttir